



Árnesi, 1. febrúar 2021

Raðnúmer fundar í GoPro skjalakerfi 202101-0015

Fundargerð:

Skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps. Leikholt.

Viðstaddir

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir, Anna K Ásmundsd, Ástráður Unnar Sigurðsson, Einar Bjarnason, Elín Anna Lárusdóttir, Helga Guðlaugsdóttir, Ingvar Þrándarson, Kristófer A. Tómasson, Sigríður Björk Marínósdóttir, Kristófer Tómasson

Anna Maria Flygenring boðaði forföll

Ástráður Unnar Sigurðsson skrifaði fundargerð

Fundargerð:

* * *

1. Staða og horfur vegna myglumála, húsnæðis

Sveitastjóri sagði frá stöðu mála hvað varðar framkvæmdir vegna myglu í leikskóla og félagsheimili sveitarfélagsins í Brautarholti. Mygla fannst á mörgum stöðum og eru framkvæmdir hafnar. Vinnuferli verður langt og kostnaður mikill. Ólíklegt er að hægt verði að flytja aftur inn í leikskólann fyrr en að sumarleyfi loknu. Vegna alvarleika myglunnar varð að taka skjóta ákvörðun í málinu til að forða frekari truflun á leikskólustarfsemi. Skólanefnd lýsir yfir ánægju með hversu fljótt var farið í það að finna viðunnandi húsnæði og einnig þakkar nefndin fyrir aðstoð frá foreldrafélaginu og kvenfélaginu sem komu að flutningi leikskólans. Fulltrúi foreldrafélagsins ítrekar að félagið býður fram aðstoð sína ef þörf er á.

2. Gjaldskrá

Sveitastjóri kynnti þá hugmynd að taka upp gjöld fyrir vistun barna í leikskóla. Mikil umræða skapaðist um málefnið. Skólanefnd efast mikið um að taka aftur upp gjöld en ef þarf að þá yrðu þau sett á með góðum fyrirvara og ekki að fullu. Þá frekar að væri byrjað á hálfu gjaldi og svo endurskoðað þegar líður á. Leitað verði allra leiða til hagræðingar áður en leikskólagjöld verði sett á.

Fundi slitið kl. 17:57 Næsti fundur ákveðinn 23. mars

Helga Guðlaugsd
Andrea Sif Snæbjörnsd
Ingvar Þrándarson
Ástráður Unnar Sigurðsson
Anna K. Ásmundsd.
Elín Anna Lárusd

Sigríður Björk Marínósdóttir